

Fram á veginn. Hvað er í verkfærakassanum?

Drög að Handbók 2.0 og verklagi

Þór Garðar Þórarinsson, sérfræðingur í
velferðarráðuneytinu og formaður verkefnisstjórnar um
notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)

17. nóvember 2016



» Helstu atriði:

- Yfirlit.
- Handbók 2.0 um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA).
 - Grunnþættir í NPA.
 - Skipulag NPA.
 - Hlutverk og ábyrgð við NPA.
 - Að finna og ráða aðstoðarfólk.
 - Starf og starfsumhverfi aðstoðarfólks.
 - Viðaukar.



- » Tengsl laga og reglugerða við handbók, leiðbeiningar og reglur



- » Drög að lagatexta um NPA – kostir í stöðunni núna:
 - Sérstök lög um NPA samþykkt eftir umfjöllun Alþingis.
 - Beðið eftir samþykkt nýrra laga um þjónustu við fatlað fólk sem innihéldi ákvæði um NPA.
 - Óbreytt staða enn um sinn eða þangað til niðurstaða hefur fengist í umræður ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun.

Fram á veginn

- » Tillaga verkefnisstjórnar að lagatexta:
- » *Réttur til notendastýrðar persónulegrar aðstoðar (NPA).*
- » Einstaklingur að 67 ára aldri á rétt á notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA), hafi hann mikla og viðvarandi stuðnings/þjónustubörf, svo sem við athafnir daglegs lífs, heimilishald, þátttöku í félagslífi, námi og atvinnulífi.
- » Með mikilli og viðvarandi stuðningsþörf í 1. mgr. er átt við að stuðningsþörf sé í minnsta lagi xx klst. á viku.
- » Framkvæmd NPA getur verið með þeim hætti að:
 - Notandi annist verkstjórn og umsýslu sjálfur.
 - Notandi sé verkstjóri en njóti umsýslu frá starfsleyfisskyldum umsýsluaðila eða sveitarfélagi.
 - Notandi njóti aðstoðar við verkstjórn á grundvelli umsýslusamnings við starfsleyfisskyldan umsýsluaðila eða sveitarfélag.
- » Aðstoðin skal vera skipulögð á forsendum notandans og undir verkstýringu og verkstjórn hans. Aðstoðin skal um leið vera heildstæð þar sem þjónustukerfi félags-, heilbrigðis-, og menntamála samhæfa aðstoð sína í þágu þess sem hennar nýtur.



Fram á veginn

- » Ráðherra skal setja nánari leiðbeiningar í handbók um framkvæmd notendastýrðar persónulegrar aðstoðar, m.a. um hlutverk og ábyrgð, skipulag og útfærslu, eftirlit og kostnaðarhlutdeild aðila í samráði við sveitarfélög og heildarsamtök fatlaðs fólks.
- » Sveitarfélög bera ábyrgð á framkvæmd aðstoðarinnar og er heimilt að setja nánari verklagsreglur þar um.
- » 2. gr.
- » *Réttur til einstaklingsbundinnar þjónustuáætlunar.*
- » Fatlaður einstaklingur sem hefur þörf fyrir viðvarandi fjölþættan stuðning á vegum félags-, heilbrigðis- og menntaþjónustu á rétt á einstaklingsbundinni þjónustuáætlun.
- » Með einstaklingsbundinni þjónustuáætlun er átt við áætlun um framkvæmd fjölþættrar þjónustu þar sem tiltekin eru markmið áætlunarinnar og leiðir, hverjir séu samstarfsaðilar og hverjir beri ábyrgð á að koma áætluninni í framkvæmd í samræmi við markmið laga þessara, reglugerða og reglna setta samkvæmt þeim sem og almennra laga á sviði menntunar, heilbrigðis- og félagsþjónustu.



» Handbókin:

1. Grunnþættir í notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA).
 - Skilgreining lykilhugtaka. Hverjir geta fengið aðstoð?
 - Hugmyndafræðin um sjálfstætt líf er stefnan og markmiðið með NPA.
 - Hvað er og hvernig er hægt að sækja um NPA?
2. Skipulag NPA.
 - Hlutverk félags-, heilbrigðis- og menntakerfis.
 - Fjármunir o.fl.
3. Hlutverk og ábyrgð við framkvæmd NPA.
 - Hlutverk sveitarfélaga, umsýsluaðila og verkstjórnanda.

» Handbókin frh.:

4. Að finna og ráða aðstoðarfólk.

- Frá auglýsingu til ráðningar.

5. Starf og starfsumhverfi.


- Þjálfun, skipulagning vinnutíma og aðrir þættir sem lúta að starfsmannahaldi.

6. Viðaukar.



Fram á veginn

» Frá umsókn til NPA.



» Samningsform NPA.

